

**177. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fjarfundi,
19. október 2020 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi, Hafdís Sigurbórsdóttir fulltrúi og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

Fundurinn haldinn í gegnum fjarfundarbúnaðinn Teams.

Fyrir tekið:

1. 1903467 - Langisandur, Guðlaug, Sólmundarhöfði - Útivistarsvæði, hönnun, skipulag og framkvæmdir

Hugmyndasamkeppni um skipulag á Langsandssvæði

Helena Guttormsdóttir lektor við landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og Sædís Alexía Sigurmundsdóttir verkefnastjóri fara yfir tillögu að samkeppnislýsingu, rafrænni íbúakönnun og tímalínu á hugmyndasamkeppni vegna skipulags og hönnunar við Langsandssvæði á Akranesi.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að samkeppnislýsingu og rafrænni íbúakönnun. Ennfremur leggur skipulags- og umhverfisráð áherslu á að verkþættir samkvæmt tímalínu verði haldnir.

Helena og Sædís víkja af fundi eftir þennan dagskrárlið.

2. 2001125 - Innanbæjarstrætó - fristundastrætó

Útboð á innanbæjarstrætó.

Skipulags- og umhverfisráð þakkar Jóni Ólafssyni verkefnastjóra góða kynningu. Lagt er til að bætt verði við auka vagni sem miðar að því að hægt sé að bæta við nýjum leiðum og auka þjónustu á álagstoppum.

Jón Ólafsson víkur af fundi eftir þennan fundarlið.

3. 2009166 - Mastur vegna fjarskiptaþjónustu

Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri fór yfir stöðu málsins. Rætt var um að mastur skuli nýtast fleiri þjónustuaðilum.

Fyrir liggur afstaða hagsmunaðila í nágrenninu á staðsetningu mastursins við Garðavöll.

4. 1606006 - Aðalskipulag - endurskoðun 2018-2030

Endurskoðun aðalskipulags

Áframhald á vinnu við endurskoðun á aðalskipulagi er varðar greinagerð og uppdrátt með skipulagshöfundi Árna Ólafssyni. Stefnt að því að taka málið fyrir að nýju á næsta fundi ráðsins.

Árni Ólafsson skipulagshönnuður víkur af fundi eftir þennan fundarlið.

5. 2004166 - Endurnýjun búningssklefa á Jaðarsbökkum

Tilboð voru opnuð í verkið Íþróttamiðstöð við Jaðarsbakka þann 13. október 2020.

Eftirfarandi tilboð bárust.

Skagaver ehf. kr. 21.477.759

GS Import ehf. kr. 24.518.563

Kostnaðaráætlun kr. 22.912.311

Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að ganga til samninga við lágstbjóðanda um verkið, að því tilskyldu að hann uppfylli útboðskröfur.

Fundarmenn samþykktu fundargerðina með rafrænum hætti.

Sign (RBS, ÓA, GS, SPH, HS, SPS, SFP)

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:30.